



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2023-2024



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	1
3	Nemendur	1
3.1	Nýnemar	2
3.1.1	Grunnskólaeinkunnir	4
3.1.2	Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði	5
3.1.3	Lífsleikni nýnema	6
3.2	Útskriftarnemar	7
3.3	Námstími nemenda	7
3.4	Í hvaða háskólanám fara MH-ingar?	8
3.5	Námsbrautir	9
3.5.1	Breytingar á innihaldi námsbrauta	10
3.5.2	Listmenntabraut	11
3.5.3	Kjörgreinar á opinni braut	12
3.5.4	IB-braut	12
3.5.5	Fjölnámsbraut MH	13
3.6	Loknar einingar	14
3.6.1	Úrsagnir nemenda úr áföngum	15
3.6.2	Stöðupróf	16
3.7	Listdansskólarnir	16
3.8	Menntaskóli í tónlist	17
3.9	Íslenska sem annað tungumál	18
3.10	Félagslíf nemenda	18
3.10.1	Gettu betur	19
3.10.2	Söngvaseiður	19
4	Innviðir og þjónusta	20
4.1	Starfsfólk	20
4.1.1	Fræðsla	21
4.1.2	Starfsánægja í MH	21
4.1.3	Styrkir til starfsfólks - minningargrein	22
4.2	Kannanir	23
4.2.1	Kennslukannanir	23

4.2.2	Utanaðkomandi kannanir sem nemendur tóku þátt í á skólaárinu	24
4.3	Fjármál	25
4.4	Náms- og starfsráðgjöf MH	26
4.4.1	Farsæld barna	27
4.4.2	Kannanir sem náms- og starfsráðgjöf lagði fyrir	28
4.5	Námsverið	28
4.6	Sálfræðingur	30
4.7	Hjúkrunarfræðingur	31
4.8	Bókasafnið	31
4.9	Kynningarmál	32
4.10	Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur	33
4.11	Græn skref	33
4.12	Jafnréttismál	34
4.12.1	Jafnréttisstuðlar	34
4.13	Skjalamál	35
4.14	Persónuvernd í MH	36
4.15	Matsalan – Sómalía	36
5	Samantekt og umbætur	37
5.1	Verkefni skólaársins 2023-2024	37
5.2	Verkefni skólaársins 2024-2025	38
5.3	Aðgerðaáætlun til næstu ára	38

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 110 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1000.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsfólks, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans, s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur skólans, forstöðumaður námsvers, forstöðumaður bókasafnsins, skjalastjóri og annað starfsfólk. Yfirumsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

2 Lýsing á starfsemi


Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknaðsbrautum óbundins áfangakerfis.

Hefðbundnu bóknaðsbrautirnar hafa verið 6 talsins, þ.e. opin braut, náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut, málabraut, listmenntabraut (stofnuð haust 2023) og listdansbraut. Nám á listdansbraut hefur verið skipulagt og kennt í samstarfi við þrjá listdansskóla í Reykjavík. MH býður einnig upp á nám til alþjóðlegs stúdentsprófs á IB-braut, skv. námskrá samtakanna *International Baccalaureate Organisation* sem skólinn á aðild að ásamt um 5000 öðrum skólum í yfir 140 löndum. Auk stúdentsprófsbrautanna er starfrækt fjölnámsbraut en nemendur hennar útskrifast með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám. Nemendur á stúdentsbraut í Menntaskólanum í tónlist, MÍT, geta sótt bóklegt nám í MH en MÍT er einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla um bóklegt nám. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Nánari upplýsingar um skipulag brautanna má finna á [vef skólans](#). Haustið 2024 innritast nýnemar á örlítið breyttar brautir þar sem aukið hefur verið við tungumálaáfanga á málabraut og kynjafræði eða umhverfisfræði hafa verið gerð að skyldufögum. Á móti hefur frjálst val minnkað.


Nemendur dreifast misjafnt á brautir. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut og má rekja vinsældir brautarinnar til þess að á henni velja nemendur sér sjálf kjörgreinar. Þau hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám.

3 Nemendur

Um miðjan september 2023 var nemendafjöldi í MH 1010. Þar af voru 219 nýnemar og 48 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun febrúar 2024 var nemendafjöldinn 887 og þar af voru 27 innritaðir.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.




Mynd 2 Nýnema á vorönn hefur fækkað undanfarin ár.

3.1 Nýnemar


Haustið 2023 hófu 269 nýnemar nám við MH. Þetta voru 220 nýnemar beint úr grunnskóla og 49 eldri nýnemar úr öðrum skólum. Inn í þessum tölum eru 13 nemendur sem hófu nám á stúdentsbraut í MÍT haustið 2023 en ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku- eða norskukennslu en þeir geta verið um 60 til 70 talsins.



Mynd 3 Nýnemar í MH eru nemendur sem koma beint úr 10. bekk og innritaðir eru nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum. Inn í þessum tölum eru ekki nemendur sem tilheyra MÍT.



Mynd 4 Umsóknum nýnema í MH fjölgaði um 14% milli haustanna 2023 og haustanna 2024.




Mynd 5 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hvað framtíðin ber í skauti sér. Haustið 2023 innritum við nemendur inn á listmenntabraut í fyrsta skipti og verður gaman að fylgjast með hvernig aðsóknin verður að henni í framtíðinni.


Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja hvaða námsgreinar verða í aðalhlutverki í námi þeirra. Nemendur velja 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein umfram skylduáfanga, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning nemenda á kjörgreinum er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 7 áfanga í stærðfræði sem eru 35 einingar. Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 10 áfanga, sem eru samtals 50 einingar í íslensku.

3.1.1 Grunnskólaeinkunnir


Nemendur sem sækja um skólavist eru í flestum tilvikum með mjög góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn.



Mynd 6 Grunnskólaeinkunnir nýnema sveiflast örlítið á milli ára.




Mynd 7 Nemendur sem eru með einkunnina Annað eru flestir IB-nemendur eða nemendur sem eru að flytja heim frá útlöndum.




Mynd 8 Einkunnir í ensku eru áberandi hærrí en aðrar og einkunnir í dönsku eru áberandi lægri.

3.1.2 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði

Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í ensku, stærðfræði eða íslensku á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem undirbúningur þeirra sé mjög góður og minna þurfi að rifja upp með þeim. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku.



Mynd 9 Í þessum áföngum eru eingöngu nýnemar haustannar 2023 nema í ensku þar sem nokkrir eldri nemar úr MÍT eru með.



Mynd 10 Inni í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið hvern áfanga oft.

3.1.3 Lífsleikni nýnema


Nýnemar á hverju hausti fara í lífsleikniáfanga og næstu þrjár annir á eftir er kennarinn sem kenndi þeim lífsleikni umsjónarkennari þeirra. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu, veitir upplýsingar og er nemendum til aðstoðar á meðan á námi standur. Umsjónarkennarinn getur kallað nemendur til sín í viðtal þegar þörf er á og einnig er nemendum gert kleift að hitta hann í sérstökum valttíma áður en eiginlegt val áfanga fyrir næstu önn hefst.

Haustið 2023 var ákveðið að tvískipta lífsleikni nýnema þannig að tvær einingar voru teknar á haustönn og ein eining á vorönn. Markmiðið var að gera samveru þessa hóps sýnilegri á vorönn og um leið að auka samskipti hópsins við lífsleiknikennarann sinn. Á vorönn hittu nemendur umsjónarkennarann sinn þrisvar sinnum auk þess að fara á tvær kynningar á sal. Kynningarnar voru um samfélagsmiðla og líðan frá sálfræðistofunni Mín líðan og hin var umferðaröryggisfræðsla frá Samgöngustofu.

Sama fyrirkomulag verður á lífsleikninni næsta skólaár þar sem lífsleiknikennarar voru sammála um að þetta væri góð breyting.

3.2 Útskriftarnemar


Útskrifaðir nemendur á skólaárinu 2023-2024 voru alls 210. Haustið 2023 útskrifuðust 82 nemendur og 128 í maí 2024.



Mynd 11 Fjöldi nemenda sem útskrifast að vori eða hausti er breytilegur. Á vorin eru IB-nemendur og fjölnámsbrautarnemendur til viðbótar við aðra. Vorið 2024 útskrifaðist enginn af fjölnámsbraut.



3.3 Námstími nemenda

Fjöldi eininga til stúdentsprófs er 205 á flestum brautum. Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum eða 6 önnum. Þegar stjórnendur ræða við nemendur um námstíma þeirra til stúdentsprófs þá kemur iðulega fram að þau séu ánægð með að mega vera hér lengur en 6 annir og geti þar með lært meira, tekið þátt í stjórn NFMH og ýmsum ráðum og nefndum og fengið að þroskast á eigin hraða.



Mynd 12 Þeir nemendur sem útskrifast eftir 2,4 eða 5 annir eru nemendur sem fluttu sig á milli framhaldsskóla og komu inn með metnar einingar.

Þegar námstími nemenda er skoðaður kemur í ljós að 66% nýstúdenta vorsins 2024 luku námi sínu í MH á 3 árum eða minna. Þessi tala er komin upp í 91% ef skoðaður er námstíminn 4 ár eða minna.



Mynd 13 í MH er hægt að klára námið á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Vorið 2024 voru flestir nemendur 18 ára að verða 19 ára.

3.4 Í hvaða háskólanám fara MH-ingar?

Hluti af sjálfsmati skólans er að afla upplýsinga um í hvaða nám MH-ingar fara í háskólum landsins. Einnig er lögð fyrir könnun í lífsleikni útskriftarefna um hvað nemendur hyggjast gera eftir að námi við MH lýkur. Þær kannanir gefa t.d. vísbendingar um hversu hátt hlutfall nemenda stefnir á nám erlendis eða hyggst jafnvel taka sér hlé frá námi.

Framsetning gagna er ólík eftir háskólum en gefur nokkuð skýra mynd af því hvers konar háskólanám útskrifaðir MH-ingar fara í. Að rýna þessi gögn gefur skólanum tækifæri til að meta hvort námsframboð í MH veiti nægjanlegan undirbúning undir það nám sem helst verður fyrir valinu. Samkvæmt gögnum háskólanna fara flestir MH-ingar í sálfræði og heilbrigðisvísindagreinar. Í MH eru í boði fjölmargir áfangar sem veita góðan grunn fyrir háskólanám, t.d. í þesum greinum.

Stúdentar frá MH sækja um nám í fjölmörgum háskólum en sem dæmi eru hér tölur frá Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

BA í lögfræði	7
BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein	1
BSc í byggingafræði	4
BSc í byggingartæknifræði	2
BSc í fjármálaverkfræði	3
BSc í hagfræði og fjármálum	1
BSc í hátækniverkfræði	5
BSc í heilbrigðisverkfræði	2
BSc í hugbúnaðarverkfræði	4
BSc í íþróttifræði	4
BSc í rafmagnstæknifræði	3
BSc í raforkuverkfræði	1
BSc í rekstrarverkfræði	2
BSc í sálfræði	24
BSc í tölvunarfræði	26
BSc í tölvunarstærðfræði	2
BSc í viðskiptafræði	6
Diplóma í styrk- og þrekbjálfun	1


Mynd 14 Gögn frá Háskólanum í Reykjavík – skráðir stúdentar frá MH haust 2023

Ár	Samt. umsókn.	Umsóknir MH	Samþ. samt.	Samþ. MH	Hönnun og arkitektúr	List-kennsla	Mynd-list	Sviðs-listir	Tónlist	Kvikmynda-list
2013	651	86	207	32	9	5	5	7	6	
2014	398	47	158	17	10	0	4	0	3	
2015	633	92	222	32	6	0	7	9	10	
2016	702	90	289	38	11	0	6	13	8	
2017	506	36	171	16	7	0	6	0*	3	
2018	369	59	130	19	2	0	5	10	2	
2019	618	94	230	46	18	0	11	13	4	
2020	485	50	212	28	2	9	3	0*	14	
2021	825	98	256	41	10	0	11	8	12	
2022	798	96	219	38	12	0	7	7	10	
2023	659	70	215	31	15	0	5	0*	9	2

Mynd 15 Gögn frá Listaháskóla Íslands - haust 2023

3.5 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk IB-brautar, náms sem tengist MÍT og fjölnámsbrautar. Nemendur þurfa að ljúka 205 einingum til stúdentsprófs nema á listdansbraut þar sem einingarnar eru 215. Flestir nemendur haustannar 2023 stunduðu nám á opinni braut og frekar langt á eftir er náttúrufræðibraut. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt á mála- og félagsfræðabraut en fjölgað á opinni braut þar sem hægt er að velja sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem ætlunin er að leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 16 Innritað var í fyrsta skipti á listmenntabraut haustið 2023 og nemendur sem voru fyrir í skólanum gátu skipt yfir á þá braut ef vilji var fyrir hendi.

3.5.1 Breytingar á innihaldi námsbrauta

Innihald námsbrauta var rætt á starfsdögum vorið 2023 og áfram á haustönn 2023. Meginmarkmiðið var að leita leiða til að koma kynjafræði og umhverfisfræði inn sem skyldunámsgreinum á allar brautir, einnig var vilji fyrir því að auka áherslur í tungumálum á málabraut og um leið að endurskoða helstu áherslur í skipulagi brautanna.

Til að undirbúa umræður og tillögur að breytingum var ýmislegt kannað í námsferlum nemenda eins og t.d. val á félagsgrein hjá þeim sem ekki eru á félagsfræðabraut. Nemendur þurfa að velja eina félagsgrein af fjórum. Þar kom fram að tæplega 86% útskriftarefna haustið 2023 völdu sálfræði eða félagsfræði og rúmlega 14% heimspeki eða þjóðhagfræði.

Þegar allir nemendur eru skoðaðir, á öðrum brautum en félagsfræðabraut, kemur í ljós að skiptingin á milli félagsgreina er mjög svipuð því sem hún var hjá útskriftarefnum haustannar.

Fjöldi útskriftarefna á öðrum brautum en félagsfræðabraut H23 sem hefur lokið eða eru í eftirfarandi félagsgrein				
Áfangi	MÁL	NÁT	OPB	Hlutfall
SÁLF2AA05	3	5	39	47,5%
FÉLA2AA05	1	4	33	38,4%
HEIM2AA05		3	5	8,1%
ÞJÓÐ2AA05			6	6,1%

Fjöldi nemenda á NÁT/MÁL/OPB sem hafa lokið eftirfarandi félagsgreinum H23	
Sálfræði	50,7%
Félagsfræði	34,0%
Heimspeki	9,9%
Þjóðhagfræði	5,4%

Þessar niðurstöður voru notaðar sem stuðningur við það að taka þjóðhagfræði út sem einn af valkostunum um félagsgrein og þar með myndaðist rými fyrir kynjafræði eða umhverfisfræði.

Niðurstaðan varð að nýnemar sem byrja haust 2024 innritast á brautir skv. nýju skipulagi sem snýr að því að koma kynjafræði og umhverfisfræði inn í áfangaval nemenda.

3.5.1.1 Nýjar brautir

Félagsfræðabraut FÉL24: Þjóðhagfræði tekin út sem skylda (-5 einingar), frjálst pakkaval í félagsfræði, heimspeki, sálfræði, sögu eða þjóðhagfræði (+10 einingar) og val á milli kynjafræði og umhverfisfræði (+5 einingar). Á móti var frjálsa valið minnkað (-10 einingar). Frjálst val = 25 einingar.

Málbraut MÁL24: Viðbót í tungumálum breytist í viðbót í erlendum tungumálum (+5 einingar) þannig að ekki er lengur hægt að hafa íslensku með í þessu tungumálavali. Val á milli kynjafræði og umhverfisfræði (+5 einingar) og á móti var frjálsa valið minnkað (-10 einingar). Frjálst val = 25 einingar.

Náttúrufræðibraut NÁT24: Val á milli kynjafræði og umhverfisfræði (+5 einingar) og á móti var frjálsa valið minnkað (-5 einingar). Friðlaust val = 10 einingar.

Opin braut OPB24: Val á milli kynjafræði og umhverfisfræði (+5 einingar) og á móti var frjálsa valið minnkað (-5 einingar). Frjálst val = 25 einingar.

Listmenntabraut LMB24: Val á milli kynjafræði og umhverfisfræði (+5 einingar) og á móti var frjálsa valið minnkað (-5 einingar). Frjálst val = 10 einingar.

Listdansbraut LIS24: Listdanssaga tekin út úr kjarna og nemendur velja 10 einingar í staðinn úr áfangaframboði MH sem tengist listum.

[illegible]

Mynd 17 Námsbrautirnar má skoða betur á heimasíðunni <https://www.mh.is/is/namid/skipulag-nams/namsbrautir-mh>. Nemendur sem nú þegar eru í MH geta fengið að velja á milli þess að útskrifast eftir nýrri leið eða eldri eftir því hvar þau eru stödd í náminu.

3.5.2 Listmenntabraub

Haustið 2023 var í fyrsta skipti innritað á Listmenntabraut (LMB). Námið á brautinni er verklegt og bóklegt nám með áherslu á listir. Brautin skiptist í kjarna, bundið pakkaval, bundið áfangaval og frjálst val, samtals 205 einingar. Stúdentspróf af listmenntabraut veitir góðan undirbúning fyrir háskólanám í myndlist eða leiklist. Auk þess velur nemandi sér ýmsar listgreinar á móti myndlist eða leiklist sem styrkja viðkomandi fyrir frekara nám. Námið getur einnig verið góður undirbúningur fyrir nám í félags- og hugvísindum. Nemandur velja annað hvort leiklist eða myndlist sem fyrstu listgrein og telur hún 30 einingar. Nemandur velja einnig blöndu af öðrum faggreinum (annarri en fyrstu listgrein) sem

tengjast listum á einn eða annan hátt, samtals 30 einingar. Auk þess þurfa nemendur að taka 15 einingar í söguáföngum tengdum listum, auk áður nefndra 60 eininga. Með tilkomu þessarar brautar gafst tækifæri til að skoða enn frekar áfangaframboð í listgreinatengdum áföngum. Alls hófu 22 nemendur nám á brautinni haustið 2023 og síðan þá hafa nemendur sem voru í skólanum fyrir, fært sig yfir á brautina og eru 31 eldri nemandi á brautinni í lok ágúst 2024.

Alls eru 37 nemendur sem munu hefja nám á listmenntabraut haustið 2024 og þar af eru 3 nemendur sem eru að koma úr öðrum skólum. Nemendur þurfa að velja á milli myndlistar og leiklistar og flestir velja leiklist eða 2/3 hlutar.

3.5.3 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar á opinni braut, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu eru tilgreindar á stúdentsprófsskírteini þeirra. Einingar kjörgreina bætast við einingar greinarinnar sem eru í kjarna. Velji nemandi t.d. ensku sem fyrstu kjörgrein bætast fimm áfangar við þá þrjá sem eru í kjarna. Sá nemandi lýkur því átta áföngum í ensku, samtals 40 einingum, og það hlýtur að teljast töluverð sérhæfing.

Val stúdentsefna á kjörgreinum verður oftast ekki endanlegt fyrr en á síðustu önn. Enska og myndlist eru langvinsælustu kjörgreinarnar vorið 2024 á meðan sálfræðin var langvinsælust haustið áður.

Kjörgrein 1 haust 2023		Kjörgrein 2 haust 2023		Kjörgrein 1 vor 2024		Kjörgrein 2 vor 2024	
Sálfræði	18	Enska	14	Enska	17	Sálfræði	13
Myndlist	9	Sálfræði	13	Myndlist	17	Enska	11
Saga	7	Danska	4	Sálfræði	10	Myndlist	10
Enska	6	Líffræði	4	Stærðfræði	6	Stærðfræði	10
Félagsfræði	5	Saga	4	Saga	5	Saga	7
Líffræði	4	Stærðfræði	4	Líffræði	4	Félagsfræði	5
Stærðfræði	4	Leiklist	3	Íslenska	3	Leiklist	4
Leiklist	3	Franska	2	Leiklist	3	Þjóðhagfræði	3
Íslenska	2	Myndlist	2	Félagsfræði	2	Danska	2
Jarðfræði	1	Spænska	2	Eðlisfræði	1	Líffræði	2
Spænska	1	Þýska	2	Ítalska	1	Spænska	2
		Félagsfræði	1	Jarðfræði	1	Íslenska	1
		Íslenska	1	Spænska	1	japanska	1
		Ítalska	1	Þjóðhagfræði	1	Jarðfræði	1
		Japanska	1				
		Sænska	1				
		Tölvunarfræði	1				

Mynd 18 Ef enska er fyrsta kjörgrein nemanda þá lýkur hann að lágmarki 8 áföngum í henni en ef sálfræði er fyrsta kjörgrein þá myndi hann ljúka að lágmarki 5 áföngum í henni.

3.5.4 IB-braut

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, *IB Diploma Programme* (IB DP). Henni lýkur með *IB Diploma* sem er ígildi stúdentsprófs.

Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og tugir þúsunda annarra IB-nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrr en í júlí ár hvert hvort nemandur hafi náð IB-diplómunni eða ekki.

Nemendur geta einnig verið skráðir í eitt eða fleiri fög og klárað þau án þess að reyna við alla diplómuna. Þessir nemendur kallast áfanganemendur (e. *course students*) og eru nemendur á öðrum brautum skólans. Í MH hafa áfanganemendur getað nýtt IB-fög sem kjörgreinar á opinni braut og

þurfa þá að standast sama námsmat og IB-nemendur nema ekki er gerð krafa um tiltekinn árangur á samræmdum IB-lokaprófum.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglar það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara.

3.5.4.1 IB-brautin skólaárið 2023-2024

IB-nemendur hafa sjaldan verið fleiri við skólann en síðastliðið skólaár. Alls voru 93 nemendur í IB-námi haustið 2023 og þeir voru 89 vorið 2024. Nemendahópurinn taldi 33 þjóðerni, þar af var stærsti hópurinn íslenskir ríkisborgarar, alls um þriðjungur nemenda.

Að þessu sinni þreyttu 29 nemendur IB-lokapróf. Tveir nemendur töldust til áfanganemenda og tóku eitt eða tvö fög. Tveir nemendur tóku próf sem kalla mætti forpróf (e. *anticipated exams*) en það eru próf sem gefa nemendum tækifæri á að klára eina eða tvær greinar á einu ári í stað tveggja. Þetta úrræði er líka víða notað til að létta álagið hjá þeim nemendum taka IB-námið á þremur árum í stað tveggja og á það nær alltaf við um okkar forprófsnemendur. Fjórir nemendur voru endurtektarnemendur sem stóðust ekki diplómuna í fyrra, þar af sátu tveir skólann í annað sinn en hinir lærðu á eigin vegum. Loks var einn nemandi sem því miður veiktist illa á lokaprófstímabilinu og býðst viðkomandi að taka endurtektarpróf í nóvember 2024.

Árangur nemenda var töluvert betri en í fyrra. Þrír af fjórum endurtektarnemendum náðu IB-diplómu og meðaltal þeirra sem þreyttu prófin í fyrsta sinn voru 28,9 stig af 45 mögulegum, samanborið við 26,9 stig í fyrra. 24 stig þarf til að standast diplómuna og var heimsmeðaltalið 30,3 stig þetta árið. Þrátt fyrir góða meðaleinkunn verður þó að nefna að fimm nemendur af tuttugu náðu ekki IB-diplómunni og munu þurfa að fara í endurtektarpróf á næsta ári. Það er hærra hlutfall en verið hefur meðal okkar nemenda síðustu ár.

Félagslíf IB-nemenda var nokkuð öflugt þetta árið. Haldið var sérstakt IB-kvöld í Norðurkjallara í september og farið var í hefðbundna IB-ferð að Varmalandi í Borgarfirði 6. október og gist þar eina nótt. Eftir góða byrjun varð lítið úr sérstakri IB-viku en IB-nemar tóku virkan þátt í lagningardögum með ýmsum uppákomum.

Á IB-kennarafundum þennan vetur var nokkuð rætt um þróun og breytingar í starfs- og kennsluháttum til að fylgja IB enn betur að málum. Þá var einnig töluvert rætt um hvernig stuðla megi að bættri líðan nemenda en námið er krefjandi og margir nemendur kvarta undan miklu álagi, sérstaklega á síðasta árinu. Ein hugmynd sem rædd var í þessu samhengi er að afnema eða minnka vægi lokaprófa á haustönn hjá IB-nemum á síðasta ári en formgera betur og gefa meira pláss fyrir þjálfunarpróf á lokaönninni (e. *Mock exams*) til undirbúnings fyrir hin eiginlegu IB-lokapróf. Til greina kemur að prófa þessa hugmynd strax næsta skólaár.

3.5.5 Fjölnámsbraut MH

Skólaárið 2023-2024 voru 20 nemendur skráðir á fjölnámsbraut MH. Tekið var á móti fjórum nýnemum á haustönn 2023. Í lok vorannar 2024 eru 18 nemendur skráðir á brautina og ljóst að átta nýnemar munu bætast við á haustönn 2024.

Vorið 2024 útskrifaðist enginn nemandi af fjölnámsbraut og er það fyrsta vorönnin þar sem enginn útskrifast af brautinni frá því hún hóf göngu sína. Ástæðan er sú að þeir nemendur sem innrituðust á brautina á haustönn 2020, í miðjum Covid-faraldri, hafa öll hætt námi.

Ýmsir fagkennara skólans kenna á fjölnámsbrautinni líkt og undanfarin ár en þar að auki urðu starfsmannabreytingar á brautinni. Annar af tveimur umsjónarkennurum brautarinnar hætti um áramótin en í stað hans kom kennari sem kennt hefur leiklist á brautinni og þekkir brautina vel. Fagkennarar í ensku, hússtjórn, leiklist, spænsku, myndlist og líkamsrækt störfuðu við brautina á haustönn en á vorönninni var ekki kennsla í ensku og hússtjórn en í staðinn var boðið upp á sálfræði. Mikill áhugi og ánægja var á meðal nemenda með sálfræði- og spænskuáfanga og sést það glögg á vali nemenda fyrir næstu haustönn. Í valinu kom einnig fram áhugi á sögu- og jarðfræðiáfanga inn á brautina. Við fundum einnig hversu mikilvægt það er fyrir brautina að geta boðið upp á verklega áfanga á hverri önn eins og t.d. í hússtjórn og myndlist.

Með árunum hefur almennu áföngunum sem fjölnámsbrautarnemendur hafa sótt farið fjölgandi. Á haustönn 2023 voru nemendur fjölnámsbrautar skráðir í rúmlega 40 almenna áfanga skólans og á vorönninni var fjöldinn svipaður. Aukin þátttaka nemenda í almennum áföngum skólans gerir stundatöflugerð á fjölnámsbraut mjög flókna þar sem almennir áfangar skólans ganga fyrir í stundatöflum nemenda og kennara. En á móti er það mjög jákvætt og ánægjulegt að nemendur geti tekið þátt og nýtt sér það áfangaframboð sem er í skólanum og sömuleiðis er það mjög gott að geta boðið upp á fjölbreytta áfanga inni á fjölnámsbrautinni sem fagkennarar skólans sjá um.

Fjórir nemendur fjölnámsbrautar eru skráðir á tvær brautir í kerfinu. Tveir þeirra eru langt komnir með námsferilinn og stefna á að útskrifast af stúdentsbrautum skólans. Einn nemandi er skráður á fjölnámsbraut og klassíska stúdentsbraut Menntaskólans í tónlist og mun útskrifast af þeirri braut. Brautin hefur verið í góðu samstarfi við MÍT og mun verða það áfram þar sem einn væntanlegur nýnemi sækir einnig um í Menntaskólanum í tónlist. Það er því talsverður tími og vinna sem fer í utanumhald, samstarf og samskipti við hina ýmsu aðila vegna nemendahópsins okkar.

Í lok vorannar héldu nemendur og starfsfólk fjölnámsbrautar hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna en fjölnámsbraut MH vann keppnina 2023. Keppnin var haldin á Miklagarði 24. apríl og voru átta skólar sem kepptu. Atriðin voru af ýmsum toga en fleiri skólar komu og fylgdust með. Úrslitin urðu þau að Fjölbautaskólinn í Garðabæ sigraði en í öðru sæti var Menntaskólinn við Hamrahlíð og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hafnaði í því þriðja. Vorönnin fór að miklum hluta í undirbúa keppnina og höfðu flestir nemendur okkar ánægju og gaman af því.

Margir nemendur úr 10. bekk, foreldrar og starfsfólk grunnskólanna heimsækja brautina. Þessum heimsóknum fjölga ár frá ári og undirstrikar það aukna þörf fyrir betri aðstöðu til að taka á móti fólki. Frá því að brautin var stofnuð hefur hún haft eina kennslustofu til afnota, bæði fyrir kennslu og vinnuaðstöðu kennara. Með auknum nemenda- og starfsmannafjölda, heimsóknum, viðtölum og þess háttar þá gefur það auga leið að brýn þörf er fyrir aukið rými til afnota. Þær ánægjulegu fréttir bárust í lok vorannar að deildarstjóri fengi nýja vinnuaðstöðu haustið 2024 og einnig yrði ráðinn nýr starfsmaður.

3.6 Loknar einingar

Nemendur á bóknámsbrautum skólans ljúka að meðaltali 25 til 34 einingum á önn. Að baki hverri framhaldsskólaeiningu eru 18-24 klukkutímar í tímasókn og vinnu fyrir nemandann. Það þýðir að fimm eininga áfangi er á bilinu til 90-120 klst. vinna fyrir nemandann á önn.


Nemendur sem falla í áföngum endurtaka í flestum tilfellum áfangann á næstu önn á eftir. Nokkur velja þó að endurtaka áfanga sem þau falla í að vori í sumarskóla eða fjarnámi, meðfram námi næstu önn á eftir.

Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þau taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig er hægt að stýra álaginu en til að ná að útskrifast á 3 árum þarf að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári. Nemendur á listdansbraut taka hluta síns náms utan MH í samvinnu við listdansskóla. Það gera einnig nemendur á opinni braut með listdans sem kjörgrein og nemendur með tónlist sem kjörgrein stunda


hluta námsins í tónlistarskólum. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn en því miður er það ekki raunin almennt og er meðaltalið nær 28 einingum.

3.6.1 Úrsagnir nemenda úr áföngum

Nemendur geta sagt sig úr áföngum innan tveggja vikna frá því að önn byrjar án þess að það komi fram á námsferli. Eftir það kemur úrsögn á námsferilinn og nemendur þurfa að fara í viðtal til námsráðgjafa, námstjóra eða áfangastjóra áður en úrsögn tekur gildi. Ástæður úrsagna eru oftast léleg ástundun og mæting.



Mynd 19 Flestir nemendur skólans eru í líkamsrækt, íslensku, ensku og stærðfræði svo það er eðlilegt að flestar úrsagnir séu í þeim fögum.



Mynd 20 Hér er hlutfall úrsagna eftir greinum.

Haustið 2023 hættu 199 nemendur í samtals 1662 einingum eða um það bil 8 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Vorið 2024 hættu 170 nemendur í samtals 1541 einingum eða rúmlega 8 einingum að meðaltali á hvern nemanda.

Ástæður úrsagna eru í flestum tilfellum léleg ástundun. Stjórnendur taka nemendur úr áföngum eftir að ábendingar frá kennurum og námsráðgjöfum berast, segi þeir sig ekki sjálfir úr þeim.

3.6.2 Stöðupróf

Skólinn hefur boðið nemendum, sem þess óska og uppfylla skilyrði, upp á stöðupróf í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Námsstjóri tungumála sér um skipulagningu stöðuprófanna. Fyrir nemendur í MH eru stöðupróf í spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku og frönsku algengust. Boðið er upp á stöðupróf í öðrum tungumálum, sem ekki eru kennd í MH, og haustið 2023 var auglýst að nemendur gætu komið úr öðrum framhaldsskólum og tekið prófin. Á hverju ári er rætt um að umsjón stöðuprófa í erlendum tungumálum sem ekki eru kennd í skólum landsins ætti að vera hjá Menntamálastofnun en enginn virðist vilja taka það verkefni að sér. Það er mjög sérstakt að hver og einn skóli standi í skipulagningu þessara stöðuprófa og allir bíði í raun eftir að einhver taki af skarið.

Tungumál	Fjöldi nemenda ekki í MH	Fjöldi nemenda í MH
Arabíska	3	2
Filípíska	1	1
Finnska	1	
Litháíska	6	1
Pólska	36	4
Rússneska	9	
Serbneska	2	1
Tékkneska	3	1
Víetnamíska	1	
Samtals	62	10


Skólinn hefur verið með stöðupróf í norsku og sænsku fyrir nemendur sem hafa lært þessi tungumál og telja sig uppfylla skilyrði til að taka stöðuprófið. Haustið 2023 komu 9 nemendur í prófin og ekkert þeirra náði viðmiðum til að fá einingar metnar. Tekin var ákvörðun um að hætta að bjóða upp á þessi stöðupróf og færast ábyrgðin á þeim nú yfir á skóla viðkomandi nemenda. MH býður áfram upp á kennslu í þessum greinum fyrir alla sem hafa lært sænsku eða norsku í stað dönsku.

3.7 Listdanssskólarnir

Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Þrír listdanssskólar eru í þessu samstarfi við MH, þ.e. Listdanssskóli Íslands, Listdanssskóli JSB og Klassíski listdanssskólinn.

Einkunnir berast MH frá listdanssskólunum tvisvar á ári og birtast í ferlum nemenda í Innu.

	Fjöldi nemenda alls frá listdanssskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Haust 2022				
Listdanssskóli Íslands	20	10	6	10
Listdanssskóli JSB	34	17	11	17
Klassíski listdanssskólinn	18	3	3	15
Samtals	72	30	20	42
Vor 2023				
Listdanssskóli Íslands	21	7	6	14
Listdanssskóli JSB	33	16	11	17
Klassíski listdanssskólinn	18	5	5	13
Samtals	72	28	22	44




Mynd 21 Meðalfjöldi eininga sem nemendur listdanssskólanna taka á hverri önn er svipaður og undanfarin ár en oft hefur verið meiri munur á skólunum.

Listdanssaga er ekki lengur skylda hjá nemendum á listdansbraut og frá og með hausti 2024 taka nemendur 10 einingar í áföngum tengdum listum í MH í staðinn fyrir listdanssögu. Listdanssskólarnir munu líka bæta kennslu í listdanssögu inn í sína verklegu áfanga þannig að nemendur fái einhverja kennslu í greininni.

Í júní voru nemendur úr Listdanssskóla Íslands með fjáröflunarsýningu á Miklagarði til styrktar keppnisferð á Dance World Cup í Prag. Það var gaman að geta styrkt hópinn með því að leyfa honum að vera hér og nýta salinn.

3.8 Menntaskóli í tónlist

MH er í samstarfi við Menntaskóla í tónlist (MÍT) og tekur á móti nemendum í bóklegt nám skv. námskrá MÍT. Stjórnendur MÍT velja áfanga hverju sinni og semja við MH um greiðslur. Nemendur sem koma inn í gegnum MÍT þurfa að uppfylla inntökuskilyrðin í MH og ef þau gera það ekki þá velur MÍT aðra skóla við hæfi nemendanna. Einn nemandi er bæði í MÍT og á fjölnámsbraut og haustið 2024 mun annar slíkur nemandi bætast við.



	Haust 2023	Vor 2024
Fjöldi nemenda	48	42
Fjöldi eininga sem nemendur voru skráðir í	690	601
Loknar einingar	564	443
Einingar - með einkunnina 4	18	10
Einingar - sem nemendur féllu í	56	88
Úrsagnir - fjöldi eininga	52	60

3.9 Íslenska sem annað tungumál

Nemendur sem eru af erlendum uppruna og hafa íslensku sem annað tungumál hafa í mörg ár tekið ÍSAN-áfanga í íslensku, þar sem kennslan hefur miðað að þeirra þörfum, í stað hefðbundinna íslenskuáfanga. Nú sitja þessir nemendur allar kennslustundir í hefðbundnum íslenskuáfanga og fá svo aukastuðning í íslensku einu sinni í viku í samsvarandi ÍSAN-áfanga. Auk þess gangast þau undir annað námsmat í lok annar í hefðbundna áfanganum, til dæmis fá þau lesinn texta á lokaprófi en hinir ólesinn texta. Nemendur sem standast kröfur áfanganna, með breyttu námsmati, fá skráða einkunnina 5, án eininga, á viðkomandi ÍSLE-áfanga en viðeigandi einkunn er skráð á ÍSAN-áfangann. Svona gengur þetta koll af kolli þar til íslenskunáminu er lokið en 5 íslenskuáfangar eru í kjarna á öllum brautum. Að mati íslenskukennara hefur þetta fyrirkomulag reynst vel, nemendurnir hafa staðið sig vel og nám þeirra verður markvissara. Eftir könnun sem náms- og starfsráðgjafar gerðu í vor og náði til þessara nemenda var ákveðið að auka við kennslu í þeim áföngum sem hafa flesta nemendur, þ.e. úr einum tíma á viku í tvo. Nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta mörg hver ráðið vel við áfangana í íslensku framan af en svo fer að halla undan fæti. Því var ákveðið að fylgjast vel með þeim og bjóða þeim að taka viðbótar ÍSAN-áfanga á seinni stigum náms síns ef þau þurfa.

Haustið 2024 verður fyrsti hópurinn sem hefur fylgt þessu fyrirkomulagi, að taka ÍSAN og ÍSLE áfanga samhliða, kominn í fimmta áfangann, ÍSAN2EE01. Þau munu ekki þurfa að taka ÍSLE3EE05 samhliða og verður gaman að sjá hvernig sá áfangi verður útfærður.

3.10 Félagslíf nemenda

Haustið 2023 var ráðinn utanaðkomandi starfsmaður til að vera félagsmála- og forvarnafulltrúi fyrir nemendur í 30% starfshlutfalli. Einn kennari starfaði svo við hlið hans. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og verður því haldið áfram.

Félagslíf nemenda var mjög blómlegt á skólaárinu og margt jákvætt í gangi.

Helstu viðburðir skólaárið 2023-2024

September

Busaferð og nýnemavika

Hljómþörf

Nýnemaball

Október

Draugahús hjá leikfélagi og skemmtó

Litla leikritið hjá leikfélaginu

Sleiktu hnetur

Grímuball

Nóvember

IB movie night

Vondulagakeppni Óðríks

Útvarpsvika

Leiktu betur

Jólavika hjá Listó – t.d. helgileikur, jólakviss

Lopapeysudagur

Skólastjórnarkosningar

Desember

Útgáfuhóf Beneventum jólablað

Dimmisjon

Janúar

Ritlistarkvöld Beneventum

Febrúar

MH-Kvennó Morfís

Lagningardagar

Árshátíð

Leikfélagsvika-gjöfningakvöld, bingó

Mars

Hinsegin vika–hinsegin ball, drag show og

kvikmyndakvöld

MH-Kvennó Gettu betur

MA-MH Morfís

Íþróttavika

MH-MR úrslit í Gettu betur

Apríl

Útvarps- og kosningavika

Söngvaseiður

Útgáfuhóf Beneventum

Dimmisjon

Mynd 22 Viðburðir sem félagsmálafulltrúar mættu á og voru haldnir á vegum NFMH.

3.10.1 Gettu betur

Lið MH í Gettu betur sigraði hljóðnemann þetta skólaárið, hafði betur gegn MR í úrslitum 32:24. Þetta var í annað skipti sem MH vann en árið 2014 vann MH Borgarholtsskóla. Lið MH skipuðu þau Atli Ársælsson, Hálfðan Árni Jónsson og Una Ragnarsdóttir.

Sigurlið í Gettu betur og hversu oft og hvenær í keppninni MH hefur tapað fyrir þeim														
Hvenær viðureignin átti sér stað	BHS	Borgó	FG	FLB	FSU	FVA	Kvennó	MA	MK	ML	MR	Versló	VMA	Samtals
1. umferð í útvarpi				1		1			1			1		4
2. umferð útvarpi					1		1			2	1			5
8 liða úrslit	1							1			2	2		6
fyrsta umferð í sjónvarpi											1			1
undanúrslit			1				1	3	2		5	1	1	14
úrslit		1					1				7			9
Samtals	1	1	1	1	1	1	3	4	3	2	16	4	1	39

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals	
Framhaldsskóli																																									
Borgó																				1																				1	
FB		1																																							1
FG																																	1								1
FSU	1																																								1
Kvennó																										1							1								3
MA						1	1														1											1		1							3
MH																													1											1	2
MK				1																																					1
MR			1					1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1				1	1	1	1		1	1						1	1	1	1			23	
Versló					1														1				1	1	1		1	1									1				

3.10.2 Söngvaseiður

Félagar í Leikfélagi MH settu upp söngleikinn Söngvaseiður, Sound of Music, í þýðingu Flosa Ólafssonar, í samvinnu við MÍT. Viðtökurnar voru ótrúlega góðar enda þótti sýningin með eindæmum vel úr garði

gerð og var líkt við sýningu hjá atvinnuleikhúsum. Um 110 nemendur tóku þátt, tæplega 50 leikarar og 22 hljóðfæraleikarar auk þeirra sem sáu um búninga, sviðsmynd, förðun og fleira. Menntaskóli í Tónlist sá um alla tónlist og var lifandi undirspil í sýningunni. Þátttakendur lögðu á sig ómælda vinnu, álag á nemendur var mikið og magnað að allt skyldi ganga upp.

Haldnar voru 9 sýningar, þ.e. sýning fyrir fjölmiðlafólk, forsýning, frumsýning og 6 aðrar sýningar. Uppselt var á þær allar enda frábær sýning hér á ferð. Við höfum heyrt að leikfélagið stefni á annan söngleik á næsta skólaári og verður spennandi að fylgjast með því. Að því sögðu má koma fram að ef svo stór sýning verður aftur á dagskrá þá mun starfsfólk skólans sem tengist leiklist og félagsmálum vera nemendum innan handar, eins mikið og hægt er.

Námsráðgjafar unnu úttekt á námsframvindu nemenda sem komu að uppsetningu söngleiksins til að glöggva sig á hversu stóran toll verkið tók. Borinn var saman námsárangur þeirra á haust- og vorönn og samanburður leiddi í ljós að þrátt fyrir mikið álag og vinnu sem tengdist uppsetningunni þá bitnaði álagið takmarkað á námsárangri. Einhverjar úrsagnir voru úr áföngum en heilt yfir skiluðu nemendur sambærilegum fjölda eininga og lítið var um fall hjá þessum nemendum. Verður þetta að teljast einstakt og frábær frammistaða hjá þeim nemendum sem tóku þátt í uppfærslu Söngvaseiðs. Reynslan hefur líka sýnt okkur að nemendur sem vinna að verkefnum sem þau brenna fyrir eru yfirleitt mjög skipulögð og standa sig oftast mjög vel í námi.

4 Innviðir og þjónusta

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk kennslustofa, þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð og stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 15:55 á daginn. Skák-, norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón Nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins, rými máluð, skipt um ljós og lýsingu og húsgögn endurnýjuð. Endurnýjun húsbúnaðar í kennslustofum hefur staðið yfir undanfarin ár og á að ljúka 2024. Sumarið 2023 hófst vinna við að búa til framreiðslueldhús á Matgarði. Þar með hefst nýr kafli í sögu skólans þar sem hægt verður að bjóða nemendum að kaupa heitan mat í hádeginu sem er eldaður í húsi.

Rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann. Nýting þeirra er góð og geta nágrennar skólans nýtt þær utan starfstíma skólans. Búið er að undirbúa fjölgun stöðva og verður hægt að hlaða allt að 10 bíla í náinni framtíð. Auk þessu eru 8 hleðslustöðvar ON í 50m fjarlægð frá skólanum og hafa fjölmargir starfsmenn nýtt sér þær.

4.1 Starfsfólk

Við skólann starfa að jafnaði 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), fjármálastjóri, 3 námstjórar í 50% starfi (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 2,8 stöðugildum, 1 sálfræðingur í 0,6 stöðugildi, 1 sérkennari, 2 bókasafns- og

upplýsingafræðingar í 1,8 stöðugildi, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 0,6 kerfis- og tækjastjóri, 1 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 3 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 110. Fyrirtækið iClean sér um ræstingu í öllum kennslustofum og almennum rýmum en önnur svæði eru þrífín af ræstitæknum skólans.

Starfsmannahópurinn er síbreytilegur. Skólaárið 2023-2024 hættu 3 kennarar vegna aldurs, einn starfsmaður hætti á fjölnámsbraut og áfangastjóri hætti um áramótin. Umsjónarmaður fasteigna hætti í ágúst 2023 og kerfisstjóri sömuleiðis en hann var þó áfram á vakinni fram eftir haustönninni. Nýtt fólk tók við þessum störfum en sá sem hafði gegnt starfi tæknistjóra tók að sér kerfisstjórn í 50% starfshlutfalli og nýr umsjónarmaður fasteigna tók að sér verkefni tengd tæknimálum.

Búið er að ganga frá ráðningu fjögurra starfsmanna fyrir skólaárið 2024-2025. Ráðnir voru kennarar í líkamsrækt og félagsfræði auk afleysingakennara í efnafræði og ensku. Starfshlutfall verkefnastjóra jafnréttismála verður aukið í 50% frá og með hausti 2024.

Nýr námstjóri tungumála tekur við á haustönn 2024 og mun fráfarandi námstjóri hverfa aftur til fyrri starfa sem ítölskukennari ásamt því að taka að sér dönskukennslu.

4.1.1 Fræðsla

Starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um málefni sem eru ofarlega á baugi í skólastarfinu hverju sinni. Þetta skólaár var bæði innanhússfólk og gestir utan úr bæ fengnir til að halda erindi.

Dagsetning	Efni	Fyrirtæki	Fyrirlesari
28.9.2023	Kennsla á hjartastuðtæki og almenn viðbrögð við flogaveikisköstum	Heilsubrú	Elín Birna Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
28.9.2023	Nokkur hagnýt ráð fyrir kennslu í fjölbreyttum nemendahóp	MH	Karen Ástu- og Kristjánsdóttir jafnréttisráðgjafi
20.10.2023	Húmor í kennslu		Sveinn Wage
26.1.2024	Skólapúlssinn	MH	Sólrun Ösk Lárusdóttir sálfræðingur í MH
26.1.2024	Málþroskaraskanir	MH	Margrét Samúelsdóttir íslenskukennari í MH
13.2.2024	Hvað er kynjafræði og hvað er umhverfisfræði	MH	Kristín Björk og Auður Ingimars kennarar í MH
15.3.2024	Jafnréttisráðgjöf í MH	MH	Karen Ástu- og Kristjánsdóttir verkefnastjóri jafnréttismála
15.3.2024	Nýtt kennslufyrirkomulag í ÍSAN sem tekið var upp haust 2022.	MH	Hugrún Hólmgeirsdóttir íslenskukennari í MH
15.3.2024	Farið yfir könnun sem gerð var á ÍSAN nemendum vorönn 2024	MH	Fríður Reynisdóttir og Inga Guðrún Kristjánsdóttir náms- og starfsráðgjafar í MH
27.5.2024	Gervigreind í skólastarfi	MH	Geir Finnsson hefur störf við MH haust 2024
27.5.2024	Af hverju er mikilvægt að fólk komi saman í skólanum?	HÍ	Viðar Halldórsson prófessor við HÍ
27.5.2024	Mikilvægi félagslegra töfra fyrir einstaklinga og	MH	Vilborg María Sálfræðikennari sagði frá verkefni sem hún gerði í námi sínu í HÍ
27.5.2024	Staða IB nemenda í MH	MH	Sólrun Ösk Lárusdóttir sálfræðingur í MH
27.5.2024	Nemendur með greiningar	MH	Sólrun Ösk Lárusdóttir sálfræðingur í MH
27.5.2024	Könnun hjá nemendum með sérþarfir	MH	Inga Guðrún Kristjánsdóttir náms- og starfsráðgjafi í MH
28.5.2024	Grænt bókhald	MH	Signý Mart Bööðarsdóttir fjármálastjóri í MH

Mynd 23 Ýmis fræðsla er í boði á kennara- og starfsmannafundum vetrarins.


Starfsdagar voru haldnir í lok maí. Þar var meðal annars boðið upp á málstofur um hvernig við aukum skuldbindingu nemenda til náms annars vegar og vinnurými kennara hins vegar. Mikil umræða hefur verið um vinnurými og er aðkallandi að gera úrbætur í þeim efnum. Vinna við breytingar og ýmsar tilfæringar á vinnuáðstöðu starfsfólks hófst á vormánuðum 2024.

4.1.2 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsfólks. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl sem tekin eru með reglulegu millibili.

Í Stofnun ársins varð skólinn í áttunda sæti í flokki stofnana með fleiri en 90 starfsmenn. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).


Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Mynd 24 Helstu niðurstöður sem kynntar voru á starfsmannafundi í vetur.

Starfsandi

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5



Mynd 25 Góður starfsandi er í MH.

Starfsmannasamtöl hafa farið fram í kjölfar kennslukannana undanfarin ár. Haustið 2023 voru gerðar kennslukannanir í íslensku, félagsgreinum og sögu. Á haustönn 2023 og vorönn 2024 voru tekin samtals 35 starfsmannasamtöl og eru þau öll vistuð í GoPro. Hver kennari fer í viðtal á tveggja ára fresti í samræmi við kennslukannanir. Aðrir starfsmenn en kennarar eru einnig teknir í viðtöl og þá í kjölfar þjónustukannana sem eru lagðar fyrir reglulega.

Skólinn reynir að gleðja starfsfólk öðru hverju með gjöfum af einhverju tagi. Jólagjöfin árið 2023 var ullarteppi frá hönnunarfyrirtækinu ihanna og um páskana fengu allir páskaegg frá Góu.

4.1.3 Styrkir til starfsfólks - minningargrein

Í janúar 2024 voru samgöngustyrkur og heilsustyrkur lagðir af sökum slæmrar fjárhagsstöðu skólans. Í stað samgöngustyrks var sett af stað samgönguhappdrætti sem starfsfólk getur skráð sig í. Vinningar eru smáir en góðir og dregið er nokkrum sinnum á ári til að gleðja starfsfólk.

Vorið 2024 var endurmenntunarsjóður MH lagður niður. Sjóðurinn var stofnaður árið 1999 og um hann fjallað í sérstakri grein í stofnanasamningi. Markmið hans var að hlúa að endur- og símenntun starfsfólks með því að kosta námskeið beint eða endurgreiða kostnað við námskeið sem starfsfólk sótti að eigin frumkvæði. Hámarksúthlutun var 90.000 kr. á þriggja ára fresti. Aldrei voru greiddir hærri styrkir en sem nam framlögðum reikningum í samræmi við hámarksúthlutun sjóðsins. Sjóðurinn var lagður niður í janúar 2024 þar sem skólinn fær enga fjárveitingu til að leggja í

sjóð sem þennan. Í raun ber ekki að fjalla um endurmenntun starfsfólks í stofnanasamningum því það er gert í miðlægum kjarasamningi.

Endurmenntunarsjóður MH		
	Fjöldi umsókna	Samtals upphæð greidd úr sjóðnum
samþykktar umsóknir 2017	7 umsóknir	220.800 kr
samþykktar umsóknir 2018	8 umsóknir	419.292 kr
samþykktar umsóknir 2019	6 umsóknir	121.025 kr
samþykktar umsóknir 2020	3 umsóknir	160.767 kr
samþykktar umsóknir 2021	1 umsókn	75.265 kr
samþykktar umsóknir 2022	7 umsóknir	387.785 kr
samþykktar umsóknir 2023	11 umsóknir	506.500 kr

Mynd 26 Nýting á endurmenntunarsjóði MH var ekki mikil en sjóðurinn nýttist einhverjum til að brúa bil á milli styrkja stéttarféлага og útlagðs kostnaðar vegna skólaheimsóknafæða.

4.2 Kannanir

Ýmsar kannanir eru gerðar á hverri önn og aðrar óreglulega. Haustið 2023 var gerð könnun á ferðamáta nemenda og starfsfólks til og frá skóla.

Könnun um ferðamáta til og frá skóla haust 2023 / Survey about how you travel to school fall 2023


Þessi könnun er gerð til að afla upplýsinga um hvaða ferðamáta nemendur og starfsfólk MH notar til og frá vinnu/skóla. Könnunin er hluti af Grænum skrefum og aðgerðaáætlun skólans í umhverfis- og loftslagsmálum. Merktu við þann möguleika sem þú nýtir oftast.

Könnunin inniheldur 6 spurningar og er nafnlaus og órekjanleg.

This survey is being conducted to get information about which means of transport MH students and staff use to and from school. The survey is part of Green Steps and the school's action plan in environmental and climate matters. Mark the option you use most often.

The survey includes 6 questions and is anonymous and untraceable.

● 2-3 sinnum í mánuði / 2-3 times per month	24
● 1-2 sinnum í viku / 1-2 times per week	47
● 3-4 sinnum í viku / 3-4 times per week	54
● Alla skóladaga vikunnar / On all school days	145
● Aldrei / Never	88



Mynd 27 75% þeirra sem svöruðu nota umhverfisvænan ferðamáta a.m.k. einu sinni í viku.


Dæmi um kannanir sem eru gerðar á hverri önn eru kennslukannanir sem lagðar eru fyrir nemendum.

4.2.1 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Lokað hefur verið fyrir að nemendur geti gefið skrifleg ummæli um kennara sína en margir kennarar gera sjálfir kannanir þar sem þeir opna á þann

möguleika. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velta þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér.

Tímabil sem könnun er gerð	Faggreinar sem könnun er gerð í hverju sinni
2022H	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2023V	Erlend tungumál
2023H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2024V	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt




Mynd 28 Meðaltal svarhlutfalls kennslukannana haustið 2022 var 61,7% og 66,8% vorið

4.2.2 Utanaðkomandi kannanir sem nemendur tóku þátt í á skólaárinu

Í október var íslenska æskulýðskönnunin, sem Rannsóknir og greining stendur fyrir, lögð fyrir nemendur MH. Nemendur tóku könnunina öll á sama tíma í kennslustund. Eftir könnunina komu nokkrir nemendur og bentu á galla á framkvæmd könnunarinnar þar sem skortur hefði verið á vávörn í ákveðnum spurningaflokkum. Bréf sem foreldrar nemenda yngri en 18 ára fengu frá Rannsóknum og greiningu var ekki sambærilegt við bréfið sem 18 ára og eldri fengu en mismunurinn fólst aðallega í lýsingu á könnuninni og innihaldi hennar. Nemendur 18 ára og eldri héldu að þau væru að fara í könnun um námið og viðhorf þeirra til náms því þau voru ekki látin vita af persónulegum spurningum um reynslu þeirra t.d. af ofbeldi og kynlífi. Þar með voru nemendur síendurtekið að svara viðkvæmum spurningum án þess að vera undirbúin undir það. Við létum vita af þessum misbresti og vonumst til að þetta gerist ekki aftur.

Könnunin Skólapúlsinn var lögð fyrir nemendur skólans í nóvember, eins og undanfarin ár. Skólapúlsinn er könnun á líðan nemenda, upplifun þeirra á námsumhverfinu og virkni í námi. Sálfræðingur skólans hefur tekið saman niðurstöður og kynnt á kennarafundi og hér fylgja með tvær glærur úr þeirri kynningu.


1.7.1 Í skólanum mínum er lögð áhersla á jafnrétti.*



4.3 Fjármál

Fjárhagsstaða skólans versnaði á árinu 2023 en var innan ramma fjárheimilda. Á árinu 2023 voru heildarútgjöld skólans um 1.781,1 millj. kr. sem var um 30,2 millj. kr. meira en nam fjárveitingum og tekjum. Því versnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 2,6 millj. kr. Fjárveitingar og tekjur hækkuðu um 91,8 millj. kr. á milli ára. Fjárveiting til skólans ræðst m.a. af áætluðum ársnemendum. Gjöld hækkuðu um 60 millj. kr. þar af laun um 24,5 millj. kr. og húsaleiga um 30,5 millj. kr.

Fjárveitingar og tekjur	- 1.750.932.904
Gjöld	1.781.106.835
Mismunur	30.173.931



Fjárfestingar á árinu 2023 námu samtals 20 millj. kr. og voru helstu fjárfestingar endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum um 7,7 millj. kr., önnur húsgögn um 4,8 millj. kr. og endurnýjun á tölum 6,3 millj. kr.

4.4 Náms- og starfsráðgjöf MH

Margvíslegar ástæður eru fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins eða persónulegra mála. Ráðgjöf er miðar að því að styðja nemendur í námi er til dæmis á sviði vinnulags, tímastjórnunar, vegna áfangavals, prófaundirbúnings, frestunar, námsörðugleika eða skólaskipta. Persónulegir erfiðleikar nemenda geta verið vegna veikinda nemenda eða aðstandenda þeirra, heimilisaðstæðna, kynhneigðar, vímuefnavanda, fátæktar, ofbeldis, átröskunar og geðrænna erfiðleika. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda eða milli nemenda og kennara inn á borð náms- og starfsráðgjafa, hér eftir N&S. Einnig er nokkur hópur nemenda sem er í vikulegri eftirfylgni og koma þá vikulega í viðtal hjá N&S sem miðar að því að styðja nemendur alhliða við nám og námsframvindu.

Tímamantanir eru gerðar í gegnum Outlook á heimasíðu skólans, með tölvupósti eða nemendur koma við á skrifstofum námsráðgjafa þar sem dyr standa ætíð opnar.

Töluleg gögn frá náms- og starfsráðgjöfinni í MH	Haut 2023	Vor 2024	Skólaárið 2023-2024
Nemendur sem koma reglulega í viðtal og eru sérmerktir námsráðgjafa	115 nemendur	104 nemendur	
Fjöldi nemenda með greiningar			109 nemendur
Nemendur með fleiri en eina greiningu			30 nemendur
Nemendur sem mæta ekki í venjulega líkamsræktartíma í samráði við íþróttakennara	20 nemendur	26 nemendur	
Skráð viðtöl hjá námsráðgjöfum hefur aukist um 15% frá síðasta skólaári			3044 viðtöl
Skráð erindi - athuga að mörg erindi ná ekki það langt að þau eru skráð			4286 skráð erindi
Umsóknir um sérúrræði í prófum eru svipaðar milli anna eða 100 nemendur.	592 próf	550 próf	
Fjöldi nemenda sem óskar eftir upplestri á prófum	22 nemendur	18 nemendur	
Fjöldi nemenda sem óskar eftir lituðum prófböðum	14 nemendur	13 nemendur	
Áfanginn stuðningur og ráðfjög sem náms- og starfsráðgjafar sjá um	13 nemendur	42 nemendur	
Fjöldi eininga sem hópurinn í ráðgjöfinni bætti sig frá fyrri önn	75 einingum fleiri	204 einingum fleiri	

Mikilvægt er að tími gefist fyrir starfspróun hjá N&S líkt og öðru starfsfólki MH. Hér á eftir gefur að líta lista yfir námskeið eða ráðstefnur sem náms- og starfsráðgjafar sóttu á skólaárinu.

Endurmenntun haustmisseri 2023

- Nám: diplóma í Farsæld barna.
- Námskeið Ofbeldi í skólum EHÍ.
- Námskeið: Sálræn áföll - áfallamiðuð nálgun og þjónusta hjá EHÍ.
- Námskeið: Sjálfsskaða- og sjálfsvígshagðun unglunga hjá EHÍ.

- Hausráðstefna félags náms- og starfsráðgjafa 12. og 13. október um flóttafólk og ráðgjöf; menningarnæmi og ráðgjöf til viðkvæmra hópa.
- Kynning á námi í flugumferðarstjórn í desember.
- Samráðsfundur með náms- og starfsráðgjöfum í Verzló.
- Ráðstefna um fjöltyngdar fjölskyldur og skólastarf haldin af HÍ og RANNÍS.
- Kynningarfundur um Euroguidance og Eurodesk fyrir náms- og starfsráðgjafa sem starfa með ungu fólki 14-30 ára – streymi.
- Fundur um samsetningu nemendahóps og vinnumat í framhaldsskólum.
- Þátttaka í ráðstefnu um farsæld barna – streymi.
- Fræðslufundur 26. október á vegum FNS um náms- og starfsfræðslu. David Andrews, sérfræðingur frá Englandi, var með kynningu á Gatsby Benchmark sem eru viðmið notuð til að skilgreina hvað felist í árangursríkri náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu – streymi.
- Kvan - helgarnámskeið um sjálfsstyrkingu og leiðtogafærni.
- Skólaþjónusta og þrepaskiptur stuðningur í framhaldsskólum. Fundur með Sigrúnu Daníels frá skrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis – streymi.
- Kynferðisofbeldi í framhaldsskóla, aðkoma náms- og starfsráðgjafa – streymi.

Endurmenntun vormisseri 2024

- Námskeið í Farsæld barna
- Fyrirlestur um aðgengi barna og ungmenna að klámi, fyrirlestur á vegum landlæknis – streymi.
- Fyrirlestur um heiðurstengt ofbeldi og neikvæða félagslega stýringu – streymi.
- Fundur á vegum landlæknis um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi – streymi.
- Samráðsfundur með náms- og starfsráðgjöfum í Verzló.
- Starfsþróunardagur framhaldsskólanna 1. mars.
- N&S tóku þátt í rýnihóp fyrir rannsóknarverkefnið EDUCHANGE sem stendur fyrir Changing Inequality at Educational Transitions og fer fram í fjórum löndum undir stjórn dr. David Reimer og er ætlað að draga úr áhrifum félags- og efnahagslegrar stöðu nemenda á námsframvindu þeirra og tækifæri til menntunar og auka þannig jöfnuð til lengri tíma. Megintilgangur þess að halda rýnihópna er að afla upplýsinga um þá náms- og starfsráðgjöf sem nemendum stendur til boða til að þróa fræðsluefni og ráðgjöf sem farið verður með inn í þá skóla sem lenda í úrtaki rannsóknarinnar.
- Námskeið tekið sem ætlað er öllu starfsfólki í framhaldsskólum um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun á vegum BOFS – streymi.
- Ráðstefna um framhaldsskólann, menntastefnu og félagslegt réttlæti í HÍ 15. maí.
- Námskeið í tímastjórnun og lyklar að vellíðan í starfi. Haldið af fagráði náms- og starfsráðgjafa.
- Kynningarfundur mennta- og barnamálaráðuneytisins um stöðu drengja í menntakerfinu.
- Fyrirlestur Melindu Erdmann í HÍ. Á hvern hátt getur náms- og starfsráðgjöf haft áhrif og minnkað félagslegan ójöfnuð þegar kemur að aðgengi að háskólamenntun.

4.4.1 Farsæld barna

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi þann 1. janúar 2022 (nr. 86/2021) leggja grunn að mikilvægu skrefi til að tryggja börnum og foreldrum þeirra, sem þurfa á aðstoð að halda, aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Í hverjum skóla skal vera tengiliður sem foreldrar og eða nemendur geta leitað til og óskað eftir samþættingu sinna mála. Í því felst að tengiliður heldur utan um alla þjónustu sem nemandinn þarfnast og hefur samband við þá aðila sem að koma. Náms- og starfsráðgjafi í MH gegnir þessu hlutverki og hefur lokið diplómanámi í Farsæld barna frá HÍ. Ljóst er að lögin, sem greina frá ábyrgð,

hlutverki og samstilltu teymi, sýna að hægt er að koma til móts við þarfir nemenda og fjölskyldna á áhrifaríkari hátt en áður til að tryggja sambærilega þjónustu við ungmenni og fjölskyldur þeirra á landsvísu.

4.4.2 Kannanir sem náms- og starfsráðgjöf lagði fyrir

Náms- og starfsráðgjafar MH lögðu fyrir nemendur tvær rannsóknir á vorönn er miðuðu að því að efla þjónustu og stuðning við nemendur. Skrifaðar voru tvær rannsóknarskýrslur þar sem farið var yfir helstu niðurstöður rannsókna. Sú fyrri ber heitið *Hvernig má betur koma til móts við stöðu tvítyngdra nemenda í MH og stuðla að árangursríkri námsframvindu?* Sú síðari ber heitið *Námsleg, félagsleg og tilfinningaleg staða nemenda með ADHD/ADD við Menntaskólann í Hamrahlíð - „Ég trúí því að ef tekið væri almennilega mark á hindrununum sem fylgja t.d. ADHD í framhaldsskólanámi, að þá gætu talsvert fleiri nemendur blómstað“.*



Í fyrri rannsókninni var könnuð námsleg staða tví- og fleirtyngdra nemenda í skólanum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Lagður var fyrir spurningalisti í öllum hópum sem stunduðu nám í ÍSAN-áföngum við MH á vormisseri. Svarhlutfall var afar gott. Nemendur svöruðu bæði lokuðum spurningalista ásamt opnum spurningum. Lykilniðurstöður benda til þess að vel er staðið að stuðningi við nemendahópinn innan MH og þau upplifa sig með jákvæðum hætti innan skólans. Þær kennsluaðferðir sem stuðst er við og aðlögun efnispáttá í íslenskunáminu virðast skila nemendum góðum árangri og þau upplifa jákvætt gengi í námi. ÍSAN-áfanginn er nemendum mikilvægur og þau virðast sækja í hann bæði námslegan og félagslegan styrk.

Í seinni rannsókninni var lagður rafrænn spurningalisti fyrir nemendur sem skilað hafa inn greiningum á ADHD eða ADD til náms- og starfsráðgjafa skólans, það er greiningu á athyglisbresti með eða án ofvirkni, í þeim tilgangi að kanna hvernig nemendur upplifa eigið námsgengi, líðan sem og stuðning við nám sitt innan skólans. Svarhlutfall var gott og fékkst góð innsýn í stöðu, námsgengi og líðan nemenda bæði í grunnskóla og í MH. Meginniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nemendur við MH sem greindir eru með ADHD eða ADD upplifa að meirihluta að vel sé staðið að stuðningi við þau. Eftirtektarvert var hve miklu munaði á námsglegri, félagslegri og tilfinningalegri líðan í grunnskóla og í MH, þar sem nemendum heilt yfir leið mun betur á öllum sviðum í MH. Nemendur njóta einstaklingsmiðaðs stuðnings sem hæfir persónulegum þörfum. MH virðist því vera á réttri leið þegar kemur að því að mæta þörfum nemenda með ADHD/ADD við skólann en til að gera betur kölluðu nemendur eftir sérhæfðri og aukinni fræðslu fyrir kennara og starfsfólk MH, frá fagfélögum sem sérhæfa sig í slíkri fræðslu, svo sem Krossgátunni eða ADHD samtökunum. Mikill meirihluti nemenda upplifir ADHD/ADD sem hindrun í námi en það var þó ekki algilt því einnig var rætt um styrkleikana sem greiningunni fylgja sem og snilligáfu. Mikilvægt er að mæta þörfum nemenda sem glíma við hindranir og draga úr mismunum sem af þeim hljóta.

4.5 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, við að skilja texta í námsefni og verkefnum, aðstoð og yfirlestur á verkefnum, skýrslum og ritgerðum og við útreikninga. Nemendahópurinn sem sækir námsverið er fjölbreyttur, á öllum getustigum og af öllum brautum skólans. Öll breiddin sækir námsverið, afburðanemendur jafnt og nemendur sem glíma við hindranir í námi. Vandir þeirra getur verið námslegur, félagslegur eða tilfinningalegur. Námsverið stuðlar að samvinnu nemenda, einn hjálpar öðrum eftir því sem hægt er. Nemendur mynda gjarnan tengsl og vinna saman í náminu þannig að traust og jafnvel vinskapur verður til. Nemendur hafa tjáð sig opinskátt um að stuðningurinn sem námsverið veitir hafi skipt sköpum fyrir þá til að ljúka tilteknum áföngum og þar með stúdentsprófi frá skólanum.

Komur nemenda í námsver eru taldar á hverjum klukkutíma og ef nemandi situr í tvær klukkustundir er það talið sem tvær komur. Haustið 2023 var slegið met í mætingum í námsver þegar komur urðu 3322 talsins á önninni. Vorönn 2024 urðu þær 2355 talsins sem er næstmesta aðsóknin frá upphafi. Því verður aðsókn að teljast einkar góð á nýliðnu skólaári.



Nemendur sem koma í námsverið nýta það mismikið. Haustið 2023 komu 48 nemendur einn dag, 29 komu tvo daga og einn kom 56 daga. Vorið 2024 kom 51 nemandi einn dag og 82 nemendur komu tvo daga. Einn nemandi kom 59 daga sem eru nærri daglegar heimsóknir.

Haustönn 2023	Vorönn 2024
- 16 nemendur komu á bilinu 10-19 daga - 7 nemendur komu á bilinu 20-29 daga - 12 nemendur komu oftar en 30 daga	- 20 nemendur komu á bilinu 10-19 daga - 9 nemendur komu á bilinu 20-29 daga - 9 nemendur komu oftar en 30 daga

Sú nýbreytni var í vetur að nemendur námsráðgjafa í stuð-hópunum höfðu skyldumætingu í námsver nærri vikulega. Á haustönn voru heimtur ekki góðar en á vorönn voru þær mun betri og síðustu dagana í apríl unnu margir þeirra upp mætingu sína enda fengu þeir mikla hvatningu frá námsráðgjöfum.

4.6 Sálfræðingur

Þjónusta sálfræðings skólans felur í sér viðtöl við nemendur og eftir atvikum foreldra þeirra, fræðslu til hópa svo og ráðgjöf og stuðning við starfsfólk og stjórnendur skólans. Sálfræðingur er hluti af stoðþjónustu skólans. Viðtöl við nemendur fela í einkum sér mat á vanda, ráðgjöf og stuðning. Markmiðið er að aðkoma sálfræðings sé fyrirbyggjandi inngríp sem stuðli að bættri líðan og vinni gegn brotthvarfi.

Nýr sálfræðingur hóf störf við sálfræðiþjónustu skólans haustið 2023 í 60% starfshlutfalli. Lögð var áhersla á gott aðgengi að þjónustunni og stuttan biðtíma. Viðvera sálfræðings var þrjá daga í viku og gátu nemendur litið inn án þess að eiga bókaðan tíma en flestir tímar voru bókaðir fyrir fram. Nemendur gátu sjálfir bókað viðtöl gegnum bókunarkerfi á heimasíðu skólans og var það afar vel nýtt. Einnig komu bókanir gegnum aðra í stoðteymi skólans og eitthvað var um að foreldrar hefðu samband til að bóka tíma og þá einkum í gegnum tölvupóst.

Á haustönn var boðið upp á að bóka 30 mínútna tíma sem var lengt í 35 mínútur á vorönn. Þó voru viðtöl bókuð af sálfræðingi sjálfum oft lengri eða 40-60 mín, oft í kjölfar fyrsta viðtals ef ljóst þótti að frekari stuðning þyrfti. Hinn knappi viðtalstími var hugsaður til að anna eftirspurn og til að hafa sem mest framboð af lausum tímum sem hentuðu inn í stundaskrá nemenda. Mest var hægt að bóka 4 vikur fram í tímann og minnst með sólarhringsfyrirvara. Þó komu beiðnir um „akút“ viðtöl sem reynt var að verða við eftir bestu getu.

Alls leituðu 86 nemendur til sálfræðings skólans á haustönn 2023. Af þeim leituðu 44 einnig til sálfræðings á vorönn og 48 nemendur til viðbótar, alls 92 nemendur á vorönn. Í heildina leituðu því 135 nemendur til sálfræðiþjónustu skólans skólaárið 2023-2024. Hluti þeirra (30) bókaði eitt eða fleiri viðtöl en mætti ekki. Af þeim 105 sem nýttu sér þjónustuna komu 22 í (21%) í 1 viðtal, 55 (52%) komu í 2-4 viðtöl og 28 (27%) komu í 5 eða fleiri viðtöl. Um 10% nemenda komu í 10 eða fleiri viðtöl.

Af þeim nemendum sem skilgreindu kyn sitt sem karlkyn eða kvenkyn voru 72% stúlkur og 28% drengir en hluti nemenda sem kom í viðtöl skilgreindi kyn sitt á annan hátt. Skiptingin var nokkuð jöfn milli árganga, það er að segja um þriðjungur voru nýnemar, um þriðjungur á öðru ári og um þriðjungur á þriðja ári eða síðar. Hópurinn endurspeglar því nokkuð vel nemendahóp skólans en ef til vill mætti leita leiða til að hvetja drengi til að nýta sér þjónustuna.

Alls voru 535 viðtöl bókuð við sálfræðinginn og þar af var mætt í 412 viðtöl. Forföll voru um 23% sem virðist vera nokkuð minna en undanfarin ár. Líklega skýrist þetta af því verklagi sem var tekið upp að nemendum var sent sms í gengum Innu til að minna á tímann ef þau voru ekki mætt og gjarnan höfðu þau gleymt tímanum og komu að vörmu spori.

Ástæður komu voru afar fjölbreyttar. Töluvert var um að nemendur greindu frá kvíða, námserfiðleikum, einmanaleika, erfiðum heimilisaðstæðum og samskiptavanda við vini/foreldra/í parsambandi. Af öðrum áskorunum má nefna depurð, sorg, áföll, álag og streitu, tímastjórnun, prófkvíða, áhyggjur af vinum, slaka sjálfsmynd/líkamsmynd, sjálfskaða, ástarsorg og margt fleira.

Viðtölin fóru flest fram á íslensku en sum á ensku, eftir óskum nemenda. Nokkur fjarviðtöl voru tekin þar sem þess þyrfti. Flest viðtölin voru einstaklingsviðtöl en einnig komu nemendur stundum í fylgd með foreldri/um eða öðrum nemanda/um. Þá kom fyrir að foreldrar leituðu til sálfræðingsins án þess að nemandinn væri með í för og fengu ráðgjöf.

Sálfræðingur var í góðu samstarfi við aðra í stoðþjónustu skólans og sótti vikulega fundi með stoðteyminu. Nemendur voru aðstoðaðir við að leita sér hjálpar utan skólans þegar þörf var og var

sálfræðingur í samskiptum við meðal annars barnavernd, félagsþjónustu, heilsugæslu og félagasamtök s.s. Stígamót. Sálfræðingur sat fundi með Ekko teymi skólans og áttu sum Ekko mál sér uppruna í viðtali hjá sálfræðingi. Ákveðið var að sálfræðingur kæmi inn í teymið þegar þess væri þörf en væri fyrst og fremst úrræði þegar á þyrfti að halda. Gott samstarf var einnig við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólans.

Sálfræðingur kom inn í alla lífsleiknitíma nýnema á haustönn með fræðslu um líðan og leiðir til að takast á við vanlíðan. Einnig var haldin fræðsla fyrir aðra nemendahópa þegar þess var óskað.

Sálfræðingur sá um fyrirlögn Skólapúlsins í samvinnu við stjórnendur og voru niðurstöðurnar kynntar á kennarafundi á haustönn. Á haustönn var haldið erindi um áskoranir nemenda með taugabroskaraskanir á kennarafundi og var því vel tekið.

Þjónustan var kynnt nýnemum en ekki auglýst sérstaklega en var þó afar vel nýtt. Alla jafna voru allir lausir tímar uppbókaðir að minnsta kosti viku fram í tímann og mestur varð biðtíminn um 3-4 vikur yfir miðja önn. Þó var allt kapp lagt á að sinna þeim málum skjótt sem ekki gátu beðið. Takmarkað rými var því fyrir óbókuð viðtöl eða spjall og ef til vill væri æskilegt að taka frá meiri tíma fyrir slíkt á næsta skólaári. Mestur tími sálfræðingsins fór í einstaklingsviðtöl en þó er mikilvægt að taka frá tíma til að sinna stuðningi við jákvætt skólaumhverfi og góða líðan nemenda. Meðal annars er áhugi á að halda áfram góðri samvinnu við félagsmálafulltrúa til að stuðla að því að draga úr félagslegri einangrun.

4.7 Hjúkrunarfræðingur

Skólaárið 2023-2024 var stöðugildi hjúkrunarfræðings aukið í 40% í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Sú aukning reyndist mjög vel og var hjúkrunarfræðingurinn mjög sýnilegur í allri starfsemi skólans. Hann starfaði mjög náið með stoðþjónustunni og öllum þeim aðilum sem tengjast velferð nemenda mest. Hjúkrunarfræðingurinn var hluti af stoðteymi skólans og sat vikulega fundi með þeim ásamt því að vera forvarna- og félagsmálafulltrúa innan handar í félagslífi nemenda. Hjúkrunarfræðingurinn vann einnig með áfangastjóra og ræddi við nemendur sem skráðu sig óhóflega oft veik og veitti þeim ráðgjöf og aðhald. Einnig var hjúkrunarfræðingurinn með kynningu á kennarafundum og var mjög sýnilegur og virkur í allri starfsemi skólans.

Tækifæri hjúkrunar í framhaldsskólum eru mörg og margþætt. Eitt veigamesta atriði sem styður veru hjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum er sú samfella sem verður við viðveru hjúkrunarfræðings í grunnskólum. Þar hafa nemendur kynnst þjónustu hjúkrunarfræðings og sækja í hana í framhaldsskólanum. Stór hluti þeirra nemenda sem komu á hjúkrunarvakt í framhaldsskólum skólaárið 2023-2024 voru nýnemar. Þeir einstaklingar eru vanir þessari þjónustu og nýta sér hana áfram á nýjum heimavelli sem framhaldsskólinn er þeim. Hjúkrun snýr að bæði líkamlegum þáttum sem og andlegum og þessi breiða nálgun er nauðsynleg þessum aldurshópi sem stendur frammi fyrir margþættum áskorunum og breytingum, andlegum og líkamlegum.

Heildarfjöldi þeirra sem leituðu til hjúkrunarfræðings í MH rúmlega tvöfaldaðist frá síðasta skólaári. 61 samskipti voru skráð 2022-2023 en 167 skólaárið 2023-2024. Líklegt er að með aukinni þekkingu nemenda á þjónustu hjúkrunarfræðings og samfellu í þjónustu muni notkun á þjónustunni festa sig enn betur í sessi.

Það kom greinilega í ljós í vetur að góður hjúkrunarfræðingur skiptir máli og skilar góðu til skólans og vonum við að áframhald verði á þessari samvinnu.

4.8 Bókasafnið

Safnið veitir fjölbreytta þjónustu, þar á meðal almenna upplýsingaþjónustu, aðstoð við heimildaleit, meðferð heimilda og heimildaskráningu. Lögð er áhersla á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit

upplýsinga. Markmiðið er að nemendur verði upplýsingalæsir, þ.e. færir um að meta, skipuleggja og nota upplýsingar á skilvirkan hátt til þekkingaröflunar. Öllum nýnemum er boðið upp á kennslu á safninu þar sem meginmarkmiðið er að kenna þeim að leita sér heimilda í bókasafnskerfi landsins.

Á bókasafninu starfa upplýsingafræðingar sem sjá um að kynna bókasafnið, þjónustu þess og þær leiðir sem nemendur geta nýtt sér til upplýsingaöflunar, leiðbeina notendum við heimildaöflun vegna verkefna og ritgerða, hvort heldur sem er í safnkosti safnsins, gagnagrunnum eða á Internetinu. Kennarar eru velkomnir með nemendum sína á safnið. Þeir geta pantað ýmis rými bókasafnsins, s.s. hópvinnumorð, margmiðlunarherbergið eða hljóðsófa fyrir yndislestrarviðtöl.

Nemendur MH geta nýtt eyður í stundatöflu og fengið vinnu á safninu. Á síðasta skólaári unnu 6 nemendur á haustönn og 5 á vorönn. Samtals skiptu þau með sér 32 klst. á viku á haustönn og 27 klst. á viku á vorönn.

Fjölbreytileiki safnkostsins tekur mið af þörfum notenda en bókasafnið lánar ýmis tæki innan skólans í innanhússláni. Fartölvur safnsins eru mikið notaðar af nemendum en af þeim eru 5 nýjar og 6 eldri en vel yfirfarnar og nothæfar. Á safninu eru 10 spjaldtölvur sem eru reglulega í notkun. 11 myndavélar og 3 þrífætur eru til staðar fyrir nemendur til notkunar á safninu og innan skólans. Hlaðvarpsstúdíó (podcast-búnað) er hægt að fá lánað og nýta í verkefnavinnu eða til hlaðvarpsgerðar. Bókasafnið lánar einnig innan skólans DVD myndir, reiknivélar, heyrnartól, myndavélar, spil, hringfara, reglustikur, föndurdót og hljóðnemasett til notkunar fyrir nemendur. Hægt er að koma með síma og önnur tæki í hleðslu á safninu. Starfsfólk safnsins aðstoðar nemendur við notkun tækjanna.

10 borðtölvur eru á safninu, þar af fjórar nýjar með Windows 11 stýrikerfinu, sem eru staðsettar í margmiðlunarrými. Á safninu má einnig finna plöstudarvél, ljósritunarvél, skanna og tvo nemendaprentara og er annar þeirra litaprentari. Foreldrafélagið gaf húsbúnað, tvo stóla og borð sem eru hugsuð sem púslaðstaða fyrir nemendur.

Bókasafnið er ágætlega nýtt meira og minna allan daginn og þegar líða tekur á önn eykst aðsókn enn frekar. Margmiðlunarver, hljóðsófar og snúningsstólar eru dæmi um svæði sem hafa verið mikið notuð af nemendum.

Á bókasafninu er vakinn athygli á markverðum dögum í skólanum eða í þjóðfélaginu með því t.d. að stilla bókum upp á bókastand. Á bókasafnsdeginum var slagorðið „Lestur er bestur – frá A-Ö“. Í kjölfarið fylgdu Dagur íslenskrar náttúru og Evrópski tungumáladagurinn. Eftir það tók við bleikur október þar sem bleikum bókum var stillt upp og á hrekkjavöku var svo draugasögum og hrollvekjum stillt upp. Á degi íslenskrar tungu var Jónasi Hallgrímssyni gert hátt undir höfði. Jólabækurnar fengu sinn sess í desember og var starfsfólki boðið á bókakynningu. Standurinn hélt áfram að þjóna tilgangi sínum á vorönn með breytilegum ústillingum á bókum, t.d. tengdum bókmenntahátíð og þegar voraði bókum tengdum Íslandi, ferðalögum og útivist.

4.9 Kynningarmál

Í byrjun mars var opið hús fyrir verðandi nýnema haustannar 2024. Kynningin tókst vel og almenn ánægja var með kynningar deilda, kórsöng og kynnisferðir nemenda um skólann. Náms- og starfsráðgjafar og kennarar í námsveri voru á staðnum til að kynna námsbrautir skólans ásamt því að svara almennum fyrirspurnum. Tilvonandi nemendum, sem ekki áttu heimangengt þennan dag, var boðið að koma á kynningu undir stjórn náms- og starfsráðgjafa, og hún vel sótt. Einnig var farið á hverfakynningu í Breiðholti sem náms- og starfsráðgjafar hverfisins héldu utan um fyrir nemendur grunnskólanna í hverfinu.

4.10 Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur

Í mörg ár hafa 10. bekkingar geta tekið áfanga í stærðfræði í tengslum við MH og mætt í skólann til að þreyta lokapróf. Flest taka áfanga yfir heilt skólaár en um jólin 2023 voru tveir sem tóku lokapróf í STÆR2AA05. Vorið 2024 þreyttu 85 nemendur próf í STÆR2AA05 og 7 í STÆR2BB05. Kennarar í MH eru tengiliðir skólanna og hafa afhent verkefni og kennslubækur. MH kennarar sjá um að fara yfir prófin og svo eru einkunnir skráðar í Innu. Nemendur sem ekki ná viðkomandi áfanga fá ekki einkunn færða inn í Innu og þar með fer áfanginn ekki inn á námsferil nemendanna.

Grunnskóli	Fjöldi nemenda
Austubæjarskóli	13
Foldaskóli	14
Hagaskóli	27
Landakotsskóli	15
Réttarholtsskóli	23
Samtals	92

Haft var samband við 6 grunnskóla í nærumhverfi MH með það fyrir augum að bjóða upp á tungumálaval fyrir nemendur í 10. bekk og þar með mynda tengingu við MH. Lagt var upp með þá hugmynd að nemendur kæmu í MH 1 sinni í viku yfir allt skólaárið og tæku fyrsta áfanga í spænsku, þýsku eða frönsku. Því miður náðist ekki næg þátttaka til að hægt væri að fara af stað með þessa hópa haustið 2024.

Allt [kynningarefni skólans](#) er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu skólans þar sem má fræðast um skólastarfið, skoða bygginguna og kennslustofur og sjá viðtöl við MH-inga.

4.11 Græn skref


MH hefur tekið þátt í verkefninu Græn skref frá því í byrjun nóvember 2020. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Teymi Grænna skrefa í MH skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri, skjalastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi á skrifstofu og kennari ásamt fulltrúa kennara úr umhverfisnefnd.

Þau tímamót urðu þann 8. desember 2023 að skólinn stóðst úttekt Umhverfisstofnunar á fimmta og síðasta skrefinu. MH hefur sett á fót sitt eigið umhverfisstjórnunarkerfi sem byggist m.a. á umhverfis- og loftslagsstefnu, markmiðssetningu, aðgerðaáætlun, fræðsluáætlun og ýmiss konar verklagsreglum. Verklagsreglurnar tryggja hlítingu laga, framkvæmd aðgerða, eftirfylgni, rýni og stöðugar umbætur á kerfinu. Frá og með vorönn 2024 vinnur skólinn eftir þessu kerfi.

Meginmarkmið umhverfis- og loftslagsstefnu MH er að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar. Tekist hefur að minnka magn úrgangs um tæp 50% frá árinu 2019 og endurvinnsluhlutfallið hefur hækkað ár frá ári. Helsta áskorunin er að minnka losun vegna flugs en árlega fara nemendur í námsferðir til útlanda, til dæmis í tengslum við tungumálanám. Skólinn hefur kolefnisjafnað alla losun frá árinu 2022.

Markmið og aðgerðir 2024-2027


5 mismunandi umhverfisþættir, ýmsar aðgerðir í hverjum



Mynd 29 Markmið og aðgerðir í umhverfismálum sem kynntar voru á starfsmannafundi vor 2024.

4.12 Jafnréttismál


Haustið 2023 tók til starfa ráðgjafi jafnréttismála í MH. Viðkomandi er nemendum og starfsfólki MH til ráðgjafar og stuðnings. Ráðgjafi jafnréttismála heldur utan um jafnréttisfræðslu fyrir nýnema og útskriftarefni, kemur að stefnumótun skólans í jafnréttismálum og tekur á móti ábendingum og athugasemdum. Nemendur hafa kost á að leita til viðkomandi með tilkynningar í tengslum við ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu.





JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

4.12.1 Jafnréttisstuðlar

Myndirnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2024:





4.13 Skjalamál

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri en þegar afhending er rafræn skal skila á 5 ára fresti. Skólinn þarf þó að geta afgreitt sjálfur allar utanaðkomandi beiðnir um afhendingu rafrænna skjala í 30 ár eftir að Þjóðskjalasafn hefur fengið gögnin til varðveislu.

Veturinn 2023-2024 vann skjalastjóri að því að undirbúa rafræn skil til Þjóðskjalasafns í fyrsta skipti en skjölum tímabilsins 2018-2023 úr skjalakerfinu GoPro var skilað í lok júní 2024. Undirbúningur skilanna var tímafrekur en góð aðstoð fékkst frá bæði Hugviti (rekstraraðila GoPro) og Þjóðskjalasafni. Hugvit hefur útbúið vörsluútgáfu á tiff-formi og nú vinnur Þjóðskjalasafn að prófun útgáfunnar. Þess er vænst að lokaskrefið í gerð vörsluútgáfunnar verði stigið á fyrstu vikum haustannar 2024.

Skjalakerfið GoPro er stöðugt uppfært en stór uppfærsla átti sér stað í febrúar 2024. MH og Borgarholtsskóli voru valdir til að vera eins konar tilraunaskólar í að nota nýju útgáfuna. Ýmsir hnókrar komu í ljós á nýju útgáfunni frá febrúar til maí og fór töluverður tími skjalastjóra í að bregðast við þeim. Samstarfið við Borgarholtsskóla og Hugvit skilaði góðum árangri og gátum við dregið margs konar lærdóm af þessari reynslu.

Af pappírsskjölum MH er það helst að fréttu að skjalastjóri hefur sent ýmsar grisjunarbeiðnir til Þjóðskjalasafns því upp úr gömlum kössum hafa komið skjöl sem líta ekki út fyrir að vera skilaskyld. Að öðru leyti er stöðugt unnið að því að halda góðu skipulagi á pappírsskjölum í ágætari skjalageymslu á 1. hæð.

Samstarf skjalastjóra framhaldsskólanna er töluvert en þeir deila sérstöku svæði á Teams sem heldur utan um margs kyns fróðleik og spjall þeirra á milli. Skjalastjórum gafst kostur á að hittast í eigin persónu á starfsþróunardegi framhaldsskólanna 1. mars 2024 en MH var gestgjafi hópsins. Alls mættu 14 skjalastjórar og nutu þeir dagskrár sem skipulögð hafði verið, bæði fyrir alla þátttakendur starfsþróunardagsins og einnig sérstaklega fyrir þá. Mikil ánægja var með þennan dag og fóru allir heim með nýja þekkingu og reynslu í farteskinu.

4.14 Persónuvernd í MH

Eitt af hlutverkum persónuverndarfulltrúa er að sinna fræðslu um persónuvernd bæði til nemenda og starfsfólks. Kynning á málaflokknum fór fram í öllum lífsleiknihópum nýnema haustið 2023 og persónuverndarfulltrúi fundaði einnig með stjórn NFMH og forsvarsfólki ráða og nefnda félagsins. Nýtt starfsfólk fékk líka kynningu á fundi.

Önnur verkefni persónuverndarfulltrúa fólust m.a. í stefnumörkun og álitsgjöf vegna ýmissa mála sem upp komu í skólasamfélaginu. Skólinn setti sér upplýsingaöryggisstefnu sem birt var á heimasíðu í október 2023 og persónuverndarstefna skólans var uppfærð. Öryggismyndavélum var fjölgað veturinn 2023-2024 og nýjar merkingar við innkeyrslur á bílastæði og við innganga voru settar upp. Breytingar urðu á samningum NFMH við fyrirtæki sem sjá um miðasölu á viðburðum félagsins en gerður var vinnslusamningur við Tix.is og samningi við SalesCloud sagt upp.

Persónuverndarfulltrúi er í góðu samstarfi við persónuverndarfulltrúa annarra framhaldsskóla en hópurinn á sameiginlegt svæði á Teams.

4.15 Matsalan – Sómalía

Nýja matsalan opnaði 15. janúar og gátu nemendur þá fengið sér heitan mat eða salatbar í hádeginu. Ráðinn var matráður til að elda og setja saman matseðla. Nýja mötuneytið hefur fengið mjög góðar móttökur og eru nemendur ákaflega ánægðir með framboðið sem þar er. Auk heitra máltíða er hægt að kaupa rúnstykki, samlokur og ýmislegt annað sem satt getur hungur nemenda.

Matseðillinn er mjög metnaðarfullur og nemendur ættu að finna eitthvað hollt og gott hverju sinni. Skráning er opin frá mánudegi til fimmtudags og hefur matráður aðgang að fjöldatölum hverju sinni í gegnum TEAMS.

<i>Matseðill 15. – 19. janúar 2024</i>	
<i>Mánudagur</i>	
Ofnsteiktur kjúklingur með m/kartöflubátum og kokteisösu	
Grænmetisfæði/Vegan	
Grænmetisbuff m/ofnsteiktum kartöflubátum og kokteisösu	
<i>Þriðjudagur</i>	
Ofnþókuð ysa m/indversku ívafi, ofnbökudum sætum kartöflum og indverskri sösu.	
Grænmetisfæði/Vegan	
Indverskur grænmetisþottur m/hrísgjónum	
<i>Miðvikudagur</i>	
Grænmetislasagna m/hvítlauksbrauði	
Vegan grænmetislasagna m/brauði	
<i>Fimmtudagur</i>	
Nautahakissósa með spagetti	
Grænmetisfæði/Vegan	
Linsubaunabolognese með spagetti	
<i>Föstudagur</i>	
Blómkálssúpa m/nybökuðu brauði	
Grænmetisfæði/Vegan	
Matarmikil grænmetissúpa m/nybökuðu brauði	

Dagsetning	Mánudagur			Þriðjudagur			Miðvikudagur			Fimmtudagur			Föstudagur			
	Réttur dagsins	Vegan	Salat	Réttur dagsins	Vegan	Salat	Réttur dagsins	Vegan	Salat	Réttur dagsins	Vegan	Salat	Réttur dagsins	Vegan	Salat	
15. jan - 19. jan Vika 1	61	12	3	31	13	9	50	2	11	57	6	4	39	7	7	
22. jan - 26. jan Vika 2	74	8	3	34	19	11	67	8	6	71	9	8	61	8	5	
29. jan - 2. feb Vika 3	48	8	8	22	19	8	43	5	8	55	8	3	25	12	5	
5. feb - 9. feb Vika 4	54	7	5	23	8	14	44	4	5	53	7	7	27	3	1	
12. feb - 16. feb Vika 5	38	6	3							42	7	2	19	6	4	Lagno þrið og mið
19. feb - 23. feb Vika 6	47	6	4	48	4	3	42	4	2	66	2					Lokað 23. feb
26. feb - 1. mar Vika 7	55	14	7	51	5	9	50	12	8	77	9	5				Lokað 1. mars
4. mar - 8. mar Vika 8	31	1	1	30	4	1	37	4	1	36	2	2	16	1	3	
11. mar - 15. mar Vika 9	68	12	1	67	10	0	49	3	5	67	6	4	37	5	4	
18. mar - 22. mar Vika 10	39	7	1	35	6		31	2	1	45	6	1	16	2	1	
25. mar - 29. mar Vika 11																páskafri
1. apr - 5. apr Vika 12							31	1		31	5		21	11		páskafri
8. apr - 12. apr Vika 13	30	1	1	17	4	1	29	3		38	1		14	3		
15. apr - 19. apr Vika 14	28	3	1	34	4		24	3	3	33	5	1	18	1	0	
22. apr - 26. apr Vika 15	28	1	1	27	2	0	17	2	2				18	3	1	Sumard fyrsti
	515	81	36	341	88	55	444	45	47	600	67	36	261	55	30	

Mynd 30 Fjöldi skráninga í mat hverju sinni á vorönn 2024. Oftast eru fleiri sem kaupa mat en þau sem eru skráð.

5 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans hefur ekki verið endurnýjuð í nokkur ár og þarfnast því endurskoðunar. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram og væntanlega væri hægt að vinna sjálfsmatsáætlun upp úr þeim lista.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur í sessi hvaða kannanir eru gerðar og skilgreina tilgang þeirra.

5.1 Verkefni skólaársins 2023-2024

Nýjar skólasóknarreglur: Fylgjast með og skoða hvernig nýjar reglur virka og hvernig þær reynast.

Niðurstaða: Nemendur nýta sér það vel að hægt er að skrá veikindi og leyfi og finnst okkur það ekki alveg nógu gott. Breyting verður á því hvernig fjarvistir birtast nemendum og vonast er til að þau átti sig betur á muninum á raunmætingu og mætingu.

Matsalan Sómaliá: Sumarið 2023 var hafist handa við að búa til framreiðslueldhús á Matgarði og stendur vinna enn yfir í ágúst. Áætluð verklok eru í nóvember.

Niðurstaða: Matsalan opnaði 15. janúar og hafa nemendur tekið henni mjög vel.

Jafnréttisráðgjafi: Ný staða haustið 2023 sem við erum mjög spennt að sjá hvað gerir fyrir MH-samfélagið.

Niðurstaða: Mikil ánægja með starf verkefnastjóra jafnréttismála og verður starfshlutfallið aukið úr 20% í 50% frá og með hausti 2024. Einnig breytist starfsheitið í samskipta- og jafnréttisráðgjafi.

Kennsluráðstefna: Kennsluráðstefna verður vor 2024 með nokkrum framhaldsskólum á Reykjavíkursvæðinu.

Niðurstaða: Starfspróunardagur framhaldsskólanna var haldinn 1. mars. Þetta var sérlega skemmtilegur dagur þar sem skólar skiptu á milli sín að taka á móti starfsfélögum úr öðrum skólum. MH tók á móti starfsfólki bókasafna og listgreinakennurum með sérstakri dagskrá sem var sniðin að þörfum þeirra. Um kvöldið var sameinast í skemmtun í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Viðburðurinn verður endurtekinn á einhverra ára fresti.

Endurskoðun samgöngusamninga: Samgöngusamningur sem starfsfólk getur gert miðast við að koma til vinnu með umhverfivænum ferðamáta í 80% tilfella. Verkefni vetrarins er að endurskoða þetta og athuga með að veita hálfan samning.

Niðurstaða: Hætt var með samgöngusamning vegna erfiðrar fjárhagsstöðu en samgönguhappdrætti tekið upp í staðinn. Dregið var nokkrum sinnum yfir veturinn þar sem heppinn þátttakandi úr hópi starfsfólks fékk smá glaðning með sér heim.

Lagningardagar: Vorið 2024 er stefnt á að stjórnendur og kennarar skipuleggi lagningardaga og verður áhugavert að sjá hvað verður gert.

Niðurstaða: Stjórnendur komu með tillögur til NFMH og þau útfærðu í samstarfi við félagsmálafulltrúa. Verkefnið var mjög stórt og reyndist mikil vinna falla á stjórn nemendafélagsins og félagsmálafulltrúa. Nemendur vilja reyna að skipa í lagningardagaráð fyrir næsta haust sem mun vinna í samstarfi við félagsmálafulltrúana. Enginn bauð sig fram til ráðsins í kosningum vor 2024.

Félagsmála- og forvarnafulltrúi: Utanaðkomandi starfsmaður var ráðinn í starfið og vonumst við til að félagslíf nemenda eflist og samstarf við stjórnendur og foreldra nemenda verði gott.

Niðurstaða: Félagsmála- og forvarnafulltrúinn reyndist frábær og höfðar vel til nemenda og mun halda áfram haustið 2024.

Stelpur diffra: Forsvarskonur verkefnisins Stelpur diffra (Nanna Kristjánsdóttir) fengu gögn frá skólanum þar sem þær ætla að skoða hversu marga stæðfræðiafanga stelpur í skólanum hafa valið að jafnaði. Við eigum von á því að fá að sjá þessar niðurstöður.

Niðurstaða: Verkefninu er lokið og verður kynning á niðurstöðum á kennarafundi haustið 2024.

Heimasíða skólans: Vinna er hafin við að uppfæra heimasíðu skólans. Nýr vefur verður vonandi kominn í loftið á haustönn 2023.

Niðurstaða: Ný heimasíða fór í loftið í febrúar 2024.

Endurskoðun námsbrauta: Vinna var lögð í að endurskoða námsbrautir með tilliti til umhverfis- og jafnréttismála sem og annarra þátta.

Niðurstaða: Nemendur sem innrituðust haust 2024 innritast á nýjar brautir. Meginbreytingin felst í bundnu vali, þ.e. nemendur velja milli kynjafræði og umhverfisfræði á öllum brautum nema listdansbraut. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum um breytingar á innihaldi námsbrauta.

60 ára afmæli MH: Hefja þarf undirbúning að 60 ára afmæli skólans.

Niðurstaða: Undirbúningur hefur ekki hafist enn.

5.2 Verkefni skólaársins 2024-2025

Afreksíþróttaval í MH: Haustið 2024 var afreksíþróttamönnum sem stunda nám við skólann boðið að sækja um að íþróttaiðkun þeirra verði hluti af náminu. Það er nýtt verkefni að fylgja þessu úr hlaði og sjá hvernig þetta gengur.

60 ára afmæli MH: Hefja þarf undirbúning að 60 ára afmæli skólans.

Vinnuaðstaða: Fara þarf í breytingar á vinnuaðstöðu kennara sem fyrst. Sumarið 2024 voru gerðar nokkrar breytingar sem munu klárast haustið 2024.

Rafvæða innganga. Setja á upp kortalesara við nokkra innganga í húsinu.

Gæðakerfi: Kanna hvort skólinn geti ráðist í að innleiða gæðakerfi eins og t.d. CCQ.

5.3 Aðgerðaáætlun til næstu ára

Þjónustukannanir: Leggja kannanir fyrir nemendur á hverri haustönn. Annað hvert ár um stoðþjónustu og hitt árið um skrifstofu og stjórnendur.

Skólapúlsinn: Kanna markvisst líðan nemenda á hverju ári í gegnum könnunina Skólapúlsinn.

Menntabúðir: Halda kennslufræðiráðstefnu með öðrum skólum annað hvert ár. Menntabúðir voru haldnar með fjölda framhaldsskóla í mars 2024 undir yfirskriftinni starfsþróunardagur framhaldsskólanna.

Tölvur og tækni: Halda áfram að endurnýja tölvukost starfsfólks sem hófst 2021.

Endurnýjun húsgagna: Endurnýjun í kennslustofum hófst 2020 og á að ljúka á u.þ.b. fjórum árum. Byrjað er að endurnýja húsgögn í almennum rýmum.

Íþróttahús: Byggja yfir svalir á íþróttahúsi og stækka tækjasal.

Skólahúsið: Viðhald utanhúss er nauðsynlegt og þarf að hefja framkvæmdir sem fyrst. Til dæmis þarf að skipta um glugga í gamla húsinu.